



Reykjavík, 13. apríl 2022

Umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS eða samtökin) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um fjarskipti (Þingskjal 666 – 461. mál). Í 86. gr. frumvarpsins er lagt til ákvæði er varðar heimild handa ráðherra til að veita undanþágu frá banni við botnveiðum yfir fjarskiptasæstrengjum.

Fiskveiðihagsmunir er mikilvægir íslenskum þjóðarbúskap. Þá gera samtökin sér grein fyrir að fjarskipti eru einnig mikilvæg fyrir sjávarútveginn og samfélagið. Hins vegar mun lagning sæstrengs óumflýjanlega skaða möguleika til fiskveiða í flestum tilvikum. Því hefur viðfangsefnið alltaf verið að finna leið sem lágmarkar þennan skaða. Hafa samtökin margsinnis aðstoðað fjarskiptafyrirtæki við að finna heppilega leið til lagningar á sæstreng og lágmarka þannig skaðann eins og hægt er.

Samtökin eru jákvæð gagnvart 86. gr. frumvarpsins, en telja þó rétt að málið sé skoðað í víðara samhengi er varðar fjarskiptasæstrengi í sjó enda miklir hagsmunir í húfi.

Lagning sæstrengs

Fiskimið eru með ólíkri botngerð og ólíkum tegundum verðmætra nytjafiska. Mismunandi gerðir fiskiskipa og áhafnir þeirra sérhæfa sig í nýtingu ólíkra svæða með mismunandi veiðarfærum. Óheppilega staðsettur sæstrengur getur valdið miklum skaða með því að hamla fiskveiðum á verðmætri fiskislóð. Þrátt fyrir að heimilt sé að veiða yfir sæstreng með tilteknum veiðarfærum er raskið ávallt eitthvað sem stjórnvöld og hagsmunaaðilar eiga alltaf að lágmarka.

Með frumvarpinu verður meginreglan áfram sú að bannað verður að veiða með veiðarfærum, sem fest eru í botni eða dregin eftir honum, svo sem netum, botnvörpum og þess háttar, á svæðum þar sem fjarskiptastrengir liggja. Svæði þetta skal vera mílufjórðungs belti hvoru megin við fjarskiptastrenginn sbr. 5. mgr. 71. gr. laga um fjarskipti. Með frumvarpinu er lögð til undanþága frá ofangreindri meginreglu; þannig verður ráðherra heimilt að veita undanþágu frá banni við botnveiðum, í sérstökum tilvikum, ef um er að ræða veiðarfæri sem ekki eru talin líkleg til að raska öryggi sæstrengja á viðkomandi svæði að teknu tilliti til aðstæðna.

Samtökin telja rétt að breyting verði gerð á orðalagi 86. gr. frumvarpsins þannig að í staðinn fyrir orðið „botnveiðum“ komi orðið „veiðum“. Að nota orðið „botnveiðum“ getur valdið ruglingi og

misskilningi t.d. með tilliti til dragnóta- eða netaveiða. Ef orðið „veiðum“ er hins vegar notað nær það yfir allar veiðar sem meginreglan tekur til.

Í dag er óheimilt að reka, eiga eða leggja sæstreng eða neðansjárleiðslu án þess að hafa fengið samþykki eftirtalinna aðila:

- *Samþykki Umhverfisstofnunar, sbr. lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda*
- *Framkvæmdaleyfi sveitarfélaga innan netlaga skv. skipulagslögum, nr. 123/2010*
- *Samþykki Samgöngustofu, sbr. lög nr. 132/1990 um vitamál*

Þegar aflað er samþykkis Samgöngustofu skal stofnunin leita álits hagsmunaaðila í sjávarútvegi sbr. 10. gr. laga nr. 132/1999 um vitamál. Í greinargerð kemur fram að „vaifærni við lagningu sæstrengja og annarra neðansjárleiðslna er mikilvæg af ýmsum ástæðum, ekki síst með tilliti til fiskveiða. Neðansjárleiðslur geta og hafa leitt til röskunar á fiskveiðum.“ Samgöngustofa hefur hins vegar talið að henni beri engin skylda til að huga að fiskveiðihagsmunum Íslands og samþykkir lagningu sæstrengs einungis með hliðsjón af öryggi siglinga. Þá er enginn skylda að huga að fiskveiðihagsmunum þegar aflað er samþykkis Umhverfisstofnunar eða samþykkis sveitarfélaga innan netlaga.

Að mati samtakanna er áhyggjuefni að aðilum verði heimilt að leggja sæstreng í íslenskri lögsögu án þess að hugað sé að fiskveiðihagsmunum Íslands. Þannig getur sú staða komið upp að framkvæmdaraðili hafi fengið leyfi fyrir lagningu sæstrengs á grundvelli samþykkis Umhverfisstofnunar, sveitarfélags og Samgöngustofu sem gerir það að verkum að enginn hvati er fyrir framkvæmdaraðila að fá undanþágu frá banni við botnveiðum eins og kveðið er á um í frumvarpi þessu.

Samhliða breytingu á fjarskiptalögum er eðlilegt að gerð væri breyting á lögum og allur vafi tekinn af um að stjórnvöldum og framkvæmdaraðila beri skylda til að huga að því hvar sæstrengur sé lagður með tilliti til fiskveiða. Enda geta slíkir strengir leitt til mikillar röskunar á fiskveiðum og tjóns á hagsmunum.

Ástæða þess að samtökin tilgreina ofangreindra agnúa er að slíkt er að raungerast í dag. Þannig hefur fyrirtækið Farice hug á að leggja sæstrenginn IRIS með landtökustað í Þorlákshöfn. Nú liggur fyrir að Samgöngustofa hefur veitt leyfi fyrir lagningu strengsins yfir verðmæt fiskimið, svokallaðan Selvogsbanka. Svo allrar sanngirni sé gætt hefur Farice þó verið í samskiptum við samtökin og greint frá að strengurinn verði plægður í sjávarbotninn svo hægt verði að fá undanþágu frá banni við veiðum yfir strenginn, þegar og ef frumvarp þetta verður samþykkt. Það er hins vegar óvarlegt að treysta því að framkvæmdaraðili muni alltaf sýna viðlíka skilning við lagningu á sæstreng. Þannig er allskostar óvíst að aðilar muni alltaf verða tilbúnir að finna rétta

leið fyrir lagningu sæstrengs sem lágmarkar þennan skaða. Að mati samtakanna verður ferlið við lagningu sæstrengs að vera skýrt og allar glufur á regluverki veikja ferlið og sátt aðila.

Í frumvarpinu er tilgreint að þegar tjón verður á fjarskiptastreng í sjó, sem valdið er af ásetningi eða gáleysi, skal sá sem tjóni hefur valdið bæta beint og óbeint fjártjón sem af því hlýst nema hann sýni fram á að hann hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að komast hjá tjóni. Ef heimilt verður að veiða með tilteknum veiðarfærum yfir fjarskiptastreng þá skýtur það skökku við að gera eigi skipstjórnarmenn ábyrga fyrir hugsanlegu tjóni. Hér væri rétt að tilgreina að þegar heimilt er að veiða yfir strenginn séu aðilar einungis ábyrgir vegna tjóns sem valdið er af ásetningi, því óljóst er hvaða varúðarráðstafanir skipstjórar eiga að gera þegar verið er að veiða yfir sæstreng. Hér verður alltaf til staðar áhætta sem eðlilegt er að rekstraraðili strengsins beri, nema sýnt sé fram á að tjón sé til komið vegna ásetnings.

Að mati samtakanna verða stjórnvöld að gera þá kröfu að sæstrengur sé fjarlægður þegar hann er ekki lengur í notkun. Þar eru ekki bara hagsmunir sjávarútvegs undir, heldur hlýtur það að flokkast sem hreint og klárt umhverfismál að skilja ekki eftir ónotaðan streng á hafsbotni. Nefna má Cantat-3 strenginn frá árinu 1994. Hann liggur austan við Vestmannaeyjar og gegnir mjög takmörkuðu hlutverki fyrir Ísland og má gera ráð fyrir á næstu árum mun notkun hans verða hætt. Þetta er mikilvægt svo hægt verði að veiða á svæðinu í framtíðinni og ekki síður vegna nefndra umhverfissjónarmiða.


* * *

Samtökin eru jákvæð gagnvart 86. gr. frumvarpsins, en telja þó rétt að minniháttar orðalagsbreyting verði gerð á ákvæðinu. Samhliða breytingu á fjarskiptalögum er rétt að í lögum verði tryggt að stjórnvöldum og framkvæmdaaðila beri skylda að taka tillit til fiskveiða áður en lagður er sæstrengur, því miklir hagsmunir eru í húfi. Að lokum telja samtökin að stjórnvöld eigi að krefjast þess að rekstraraðili sæstrengs skuli fjarlægja strenginn, þegar hann er ekki lengur í notkun.

Samtökin eru reiðubúin að eiga samtal við umhverfis- og samgöngunefnd og gera nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum. Samtökin áskilja sér jafnframt rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllt

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi


Heiðmar Guðmundsson


Kristján Þórarinnsson